



Sjálfsmatsskýrsla Árskóla 2026

Skólaárið 2025-2026

Sjálfsmatsskýrsla Árskóla 2026

Efnisyfirlit

Meginniðurstöður	3
Inngangur	5
Um Árskóla	6
Skólastefna Árskóla	8
Sjálfsmatsaðferð og framkvæmd mats	9
Sjálfsmat veturinn 2025-2026	11
Innra mat á skólastarfi – starfsfólk	12
Mat á gæðagreiðni 1.1 - Umbótamiðað sjálfsmat	13
Mat á gæðagreiðni 1.2 - Forysta í skólastarfi	13
Mat á gæðagreiðni 1.3 - Breytingastjórnun	13
Mat á gæðagreiðni 2.1 - Nemendavernd	14
Mat á gæðagreiðni 2.4 - Einstaklingsmiðun	14
Mat á gæðagreiðni 2.5 - Þátttaka fjölskyldna í skólastarfi	14
Mat á gæðagreiðni 2.6 - Samfella í skólastarfi	14
Mat á gæðagreiðni 3.2 - Betri frammistaða - aukinn árangur	15
Mat á gæðagreiðni - Lestrarstefna	15
Mat á gæðagreiðni - Byrjendalæsi	15
Innra mat á skólastarfi – foreldrar	16
Skólapúlsinn	18
Skólapúlsinn - nemendur	19
Árleg skimun, starfsfólk	21
Umbótaáætlun skólaársins 2025-2026	22
Áætlun um sjálfsmat 2026-2029	23
Viðaukar	25
Viðauki I - Árleg skimun starfsfólks	26
Viðauki II - Niðurstöður foreldrakönnunar	27
Viðauki III - Umbótaáætlun innra mats 2025-2026	28
Viðauki IV - Einkunnaskali, Hversu góður er grunnskólinn okkar?	31

Meginniðurstöður

Fagmennskuteymi Árskóla hefur m.a. því hlutverki að gegna að sjá um áætlanir um sjálfsmat skólans skv. sjálfsmatsaðferðinni *Hversu góður er grunnskólinn okkar?* og hafa eftirfylgni með mats- og umbótaáætlunum.

Tólfta árið í röð var árleg viðhorfsskönnun lögð fyrir nemendur í 6. – 10. bekk í vefkerfi Skólapúlsins. Vefkerfið heldur utan um nemenda-, foreldra- og starfsmannakannanir sem lagðar eru fyrir í skólanum. Hvorki voru lagðar kannanir fyrir foreldra né starfsmenn á þessu skólaári. Í könnunum Skólapúlsins er hægt að skoða stöðu í einstökum þáttum skólastarfsins til samanburðar við skóla af sömu stærð á landsvísu svo og sjá þróunina á milli ára innan skólans. Rýnt hefur verið í niðurstöður nemendakönnunar jafnt og þétt yfir skólaárið en hún er lögð fyrir fjórðung nemenda í hverjum árgangi fjórum sinnum yfir skólaárið. Heildarsamantekt nemendakönnunar er sett fram í þessari skýrslu.

Rafræn foreldrakönnun var lögð fyrir foreldra í 2., 4., 7. og 10. bekk á viðtalsdegi í febrúar. Heildarniðurstöður eru frekar jákvæðar í garð skólans. Fjallað er nánar um helstu niðurstöður í sér kafla í þessari skýrslu. Alls svöruðu 110 foreldrar könnuninni.

Árleg skimun var lögð fyrir starfsfólk skólans í lok skólaársins. Skimunin byggir á gæðaviðmiðum um skólastarf úr sjálfsmatsaðferðinni *Hversu góður er grunnskólinn okkar?*, 4. útg., ásamt gæðagreinum sem starfsfólk skólans hefur búið til á undanförunum áratug um fjölmarga þætti skólastarfsins. Heildarniðurstöður eru fremur jákvæðar um allflesta þætti skólastarfsins. Samkvæmt skimuninni þarf þó að skoða nokkra þætti sem betur mættu fara að mati starfsfólks og eru þeir dregnir fram í sér kafla í þessari skýrslu. Alls svöruðu 70 starfsmenn Árskóla skimuninni.

Þriggja ára áætlun um mat er sett fram í þessari skýrslu. Áætlunin byggir á gæðaviðmiðum úr sjálfsmatsaðferðinni *Hversu góður er grunnskólinn okkar?*, 4. útg., og þeim gæðagreinum sem hafa sérstaklega verið búnir til um skólastarf í Árskóla.

Sextán gæðagreinar voru lagðir fyrir til mats og umbóta hjá starfsfólki skólans á skólaárinu. Allt starfsfólk skólans kom að matinu. Heildareinkunnagjöf hvers matshóps má skoða hér á eftir. Í skýrslunni eru dregnir fram helstu styrkleikar í þeim gæðagreini sem þátttakendur í mati lögðu fram. Ennfremur eru sett fram atriði sem starfsfólk og nemendur telja að megi bæta.

Sjálfsmatsskýrsla Árskóla 2026

Matsþættir úr sjálfsmatsefninu Hversu góður er grunnskólinn okkar?	Einkunnagjöf
1.1 Umbótamiðað sjálfsmat	5, 5, 5, 5
1.2 Forysta í skólastarfi	5, 5, 5, 5
1.3 Breytingastjórnun	5, 5, 5, 5
2.1 Nemendavernd	5, 5, 5, 5
2.4 Einstaklingsmiðun	5, 5, 5, 5, 5, 5
2.5 Þátttaka fjölskyldna	5, 5, 5, 5
2.6 Samfella í skólastarfi	5, 5, 5, 5
3.2 Betri frammistaða og aukinn árangur	5, 5, 5, 5, 5, 5

Árskólagæðagreinar	Einkunnagjöf
5.1 Lestur og skilningur	5, 5, 5, 5, 5, 5
5.2 Lestrarhvetjandi umhverfi	4, 5
5.3 Samstarf við heimilin	5, 5
5.4 Samfella á milli skólastiga	5, 5
5.5 Tvítyngi, fjöltyngi	4, 5
5.6 Einstaklingsmiðun	5, 5
5.7 Skimanir	5, 5
6.1 Grunnþættir Byrjendalæsis	5, 5

Yfirlit yfir matsþætti skólaársins 2025-2026: Til glöggvunar á matsniðurstöðum má skoða gildi hvernar einkunnar skv. einkunnaskala sjálfsmatskerfisins hér á eftir en einnig í ítarlegri útfærslu sem sjá má í viðauka II.

Einkunnaskali skv. sjálfsmatsaðferðinni Hversu góður er grunnskólinn okkar?
Einkunn 6 - <i>framúrskarandi</i>
Einkunn 5 - <i>mjög gott</i>
Einkunn 4 - <i>gott</i>
Einkunn 3 - <i>fullnægjandi</i>
Einkunn 2 - <i>slakt</i>
Einkunn 1 - <i>ófullnægjandi</i>

Inngangur

Samkvæmt 35. og 36. grein grunnskólalaga frá 2008 ber öllum grunnskólum að framkvæma kerfisbundið sjálfsmat. Tilgangur þess er að kanna hvort markmiðum skólans hefur verið náð, greina sterka og veika þætti í skólastarfinu og skapa þannig grunn að umbótum. Margir ólíkir þættir hafa áhrif á skólastarf og skólar verða að koma til móts við ólíkar þarfir. Sjálfsmatið verður stöðugt að vera í gangi og er langtímamiðað. Með því fer fram viðtæk gagnasöfnun um skólastarfið. Sjálfsmat skóla er því leið til þess að miðla þekkingu á skólastarfi og er liður í þróun og vexti hvers skóla. Sjálfsmat, umbætur og mat á þeim eru því lykill að því að gera góðan skóla betri.

Sjá grunnskólalögin nánar [hér](#).

Samkvæmt grunnskólalögum er það í verkahring sveitarstjórna að sinna mati og eftirliti með gæðum skólastarfs, sbr. 5., 6. og 37. gr., og láta ráðuneyti í té upplýsingar um framkvæmd skólahalds, innra mat skóla, ytra mat sveitarfélaga, framgang skólastefnu sinnar og áætlanir um umbætur. Samkvæmt 38. grein grunnskólalaga kemur fram að menntamálaráðuneytið annast greiningu og miðlun upplýsinga um skólahald í grunnskólum á grundvelli upplýsinga frá sveitarfélögum skv. 37. gr. og með sjálfstæðri gagnaöflun.

Skólar geta valið hvaða aðferðum þeir beita í sjálfsmatsvinnunni. Ákveðin viðmið sem skólum er ætlað að uppfylla í sjálfsmatsvinnunni eru gefin út á vegum ráðuneytisins svo og leiðbeiningar um sjálfsmat. Til að mat teljist uppfylla viðmið laga þarf það að vera formlegt, altækt, áreiðanlegt, samstarfsmiðað, umbótamiðað, árangursmiðað, stofnana- og einstaklingsmiðað, lýsandi, greinandi og opinbert.

Frá árinu 1999 hefur starfsfólk Árskóla byggt sjálfsmatið á skoska sjálfsmatsskerfinu *How Good Is Our School*. Efnið hefur verið uppfært nokkrum sinnum. Árið 1999 var matskerfið þýtt og staðfært af starfsfólki hjá Skólaskrifstofu Skagfirðinga og var þá nefnt *Gæðagreinar* í íslenskri þýðingu. Árið 2010 var þriðja útgáfa af sjálfsmatsskerfinu, *How good is our school 3, the journey to excellence*, þýdd yfir á íslensku og nefndist þá *Gæðagreinar 2*. Sjálfsmatsefnið var uppfært enn á ný og gefið út í september 2015, *How good is our school*, 4. útgáfa. Starfsfólk Fræðsluþjónustu Skagafjarðar vann að þýðingu á nýju útgáfunni á skólaárinu og á vormisseri 2016 var íslenska þýðingin *Hversu góður er grunnskólinn okkar?* gefin út og í kjölfarið byrjað á því að meta skólastarf í Árskóla með þeirri útgáfu. Nokkrar

breytingar hafa verið gerðar á sjálfsmatskerfinu með nýju útgáfunni, lykilþáttum og gæðagreinum hefur verið fækkað til muna og gert ráð fyrir aukinni fjölbreytni varðandi matsferlið. Jafnframt er lögð áhersla á að skólar aðlagi matskerfið enn frekar að sérstöðu hvers skóla og bæti gæðaviðmiðum um skólastarf við þau gæðaviðmið sem sett eru fram í hverjum lykilþætti. Kjarni sjálfsmatsaðferðarinnar er þó enn hinn sami, en nýjungarnar eru til þess fallnar að hægt verði að efla gæði umbótamiðaðs innra mats þar sem stefnan er sett á framúrskarandi gæði skólastarfs. Sem fyrr snýst kjarni sjálfsmatsins um áhrif skólastarfs á nemendur.

Sjálfsmatsvinna í gegnum Gæðagreinana er ein af grunnstöðum skólastarfs í Árskóla. Allir starfsmenn taka virkan þátt í matsvinnunni. Nemendur taka reglubundið þátt í mati á skólastarfinu. Stjórn nemendafélagsins hefur einnig tekið þátt í að búa til ný gæðaviðmið um skólastarf með sýn nemenda að leiðarljósi.

Um Árskóla

Í lok skólaársins var nemendafjöldi í Árskóla samtals 397 í 1. – 10. bekk en nemendum er kennt saman í hverjum árgangi. Heildarfjöldi starfsmanna ýmist í hluta- eða fullu starfi var 91. Í ársskýrslu skólans má sjá fjölda nemenda eftir árgöngum svo og upplýsingar um starfsmenn og stöðugildi. Í Árskóla starfa nemendur, kennarar og annað starfsfólk saman undir einkunnarorðum skólans *lifa, leika, læra*. Sérstaða skólans byggir á þessum einkunnarorðum. Rík hefð er fyrir list- og verkgreinakennslu. Skipar leiklistin þar veglegan sess. Allir nemendur eru þjálfaðir í að koma fram frá því í 1. bekk og eru árshátíðir nemenda allra bekkja hápunktur ársins hjá hverjum árgangi. Umsjónarkennarar hafa veg og vanda að uppsetningu leikverka með nemendum og öðru starfsfólki og leggjast allir á eitt um að hafa sýningarnar sem veglegastar og er umgjörðin, búningar og leikmynd jafnan glæsileg. Nemendur í 10. bekk setja á svið, árlega, leikverk í fullri lengd og sjá þá jafnan sjálfir um allt sem lýtur að umsýslu sýninganna s.s. sýningarstjórn, miðasölu, tæknimál o.s.frv. Þegar að frumsýningu er komið. Til margra ára hefur verið lögð mikil áhersla á danskennslu. Í nokkur misseri var hér starfandi danskennari og nemendur fengu leiðsögn í dansi vikulega. Góður grunnur nemenda í dansmennt hefur fylgt æ síðan og nú fá nemendur kennslu í dansi nokkrum sinnum yfir skólaárið. Stór þáttur í fjáröflun 10. bekkinga fer m.a. fram með dansmaráðoni, en

Sjálfsmatsskýrsla Árskóla 2026

sú hátíð er fjölsótt af bæjarbúum og taka nemendur á öllum aldri og gestir þátt í gleðinni með elstu nemendunum.

Af öðrum viðburðum sem hefðir eru fyrir í skólastarfinu má nefna þorablót, íþróttadag, friðargöngu í upphafi aðventu, gleðigöngu í skólalok og fleira mætti telja. Nemendur í hverjum árgangi fara í skólaferðalag að vori, flestir í dagsferðir en nemendur í 7. bekk fara í tveggja daga ferð um Suðvesturland og nemendur 10. bekkja hafa frá upphafi stofnunar Árskóla farið í skólaferðalag til Danmerkur. Skólinn hefur verið virkur í samskiptum við erlenda skóla og er samstarfið við danska vinaskólann okkar sterkt. Einnig hefur skólinn tekið þátt í nokkrum samstarfsverkefnum styrktum af Erasmus á undanförunum misserum.

Á hverju skólaári vinnur starfsfólk saman að þróunarverkefnum og áhersla er lögð á að skapa virkt lærdómssamfélag í Árskóla. Nokkur þróunarverkefni eru í gangi. Þau eru m.a. verkefni í *Byrjendalæsi*, heilsueflandi teymi og verkefnið Sjáðu styrkleikann. Skólinn hlaut árið 2024 styrk til að innleiða finnska þróunarverkefnið *See The Good*. Verkefnið snýst um að leita eftir styrkleikum nemenda og starfsfólks og vinna með þá í leik og starfi. Um þessi verkefni má lesa í ársskýrslu Árskóla. Þróun teymiskennslu hefur verið í brennidepli undanfarin ár þar sem nemendum er kennt í árgöngum í stað bekkja eins og áður var. Í Árskóla er öflugt stoðkerfi og rík hefð fyrir teymisvinnu um málefni nemenda. Umbætur í skólastarfi undanfarinna ára hafa byggst á sjálfsmati skólans. Innra mat með aðferðinni *Hversu góður er grunnskólinn okkar?* er traustur grunnur að vegferðinni í átt að *skóla sem lærir*.

Allir nemendur skólans hafa sínar árgangastofur, matsalur rúmar nemendafjölda á hverju stigi fyrir sig, aðstaða á skólasafni er framúrskarandi og vinnusvæði starfsmanna er með ágætum. Enn er þó eftir að fullklára skólahúsnæðið svo fullnægjandi aðstæður fyrir skólastarf geti orðið að veruleika. Almennt fer sundkennsla fram í Sundlaug Sauðárkróks, sem er útisundlaug. Einnig er innisundlaug á Heilbrigðisstofnuninni nýtt til sundkennslu fyrir einstaka nemendur skólans.

Árvist, frístund, er starfrækt í húsnæði skólans. Skólalóðin er nýtt til útivistar og önnur rými skólans eftir þörfum. Árvist er ætluð fyrir nemendur í 1.- 2. bekk. Í Árvist er:

- öruggt skjól þar sem hver einstaklingur fær að njóta sín og þroskast í hlýju umhverfi
- lögð áhersla á samvinnu þar sem börnin læra að þroska félagslega færni í gegnum leik og starf
- lögð áhersla á að bera virðingu fyrir okkur sjálfum, öðrum og umhverfinu

Skólastefna Árskóla

Í lögum um grunnskóla frá 2008 segir að markmið grunnskóla, í samvinnu við heimilin, sé að stuðla að alhliða þroska allra nemenda og þátttöku þeirra í lýðræðisþjóðfélagi sem er í sífellt þróun. Grunnskólinn á að leitast við að haga störfum sínum í sem fyllstu samræmi við eðli og þarfir nemenda og stuðla að alhliða þroska, velferð og menntun hvers og eins. Skólinn hefur það hlutverk að stuðla að góðu samstarfi við heimilin með það að leiðarljósi að tryggja farsælt skólastarf. Starfshættir skólans eiga að mótast af umburðarlyndi, kærleika, íslenskri menningu, jafnrétti, lýðræðislegu samstarfi, ábyrgð, umhyggju, sáttfýsi, virðingu fyrir manngildi og fjölbreytileika.

Grunnskólinn á að veita nemendum tækifæri til þess að afla sér þekkingar og leikni og temja sér vinnubrögð sem stuðla að stöðugri viðleitni til menntunar og þroska. Skólastarfið á því að leggja grunn að sjálfstæðri hugsun nemenda og þjálfra hæfni þeirra til samstarfs við aðra. Skólastefna Árskóla byggist á ofangreindum markmiðum og skólastefnu Skagafjarðar og menntastefnu Skagafjarðar.

Í Aðalnámskrá grunnskóla frá 2011 eru *sex grunnþættir menntunar* lagðir til grundvallar. Þeir eru: *læsi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti og sköpun*. Í starfi Árskóla er leitast við að hafa þá að leiðarljósi í starfsháttum skólans, samskiptum og skólabrag.

Í Árskóla er lögð áhersla á að skólinn sé aðlaðandi vinnustaður þar sem nemendum og starfsmönnum líður vel í leik og starfi og að allir starfsmenn vinni náið saman að velferð nemenda. Kennarar beita fjölbreyttum kennsluaðferðum, vinna saman í teyllum að námi og kennslu og hafa miklar væntingar til nemenda. Í Árskóla er öflugt stoðkerfi og teymisvinna um málefni nemenda. Lögð er áhersla á gagnkvæma virðingu nemenda og starfsmanna og jákvæðan skólabrag. Hvatt er til skapandi hugsunar og frjálsrar tjáningar og í því skyni er reynt að stuðla að blómlegri listkennslu í öllum árgöngum.

Í Árskóla er starfað samkvæmt einkunnarorðunum *lifa – leika – læra*.

Að *lifa* vísar til þess að skólinn:

- búi nemendur undir líf og starf í lýðræðisþjóðfélagi
- stuðli að sjálfstæðri hugsun og jákvæðri sjálfsmynd nemenda

Sjálfsmatsskýrsla Árskóla 2026

- þjálfari hæfni nemenda til samstarfs við aðra
- leiðbeini nemendum við að sýna umburðarlyndi og víðsýni

Að **leika** vísar til þess að skólinn:

- efli starfsgleði nemenda með því að nota fjölbreyttar náms- og kennsluaðferðir
- hafi fasta viðburðadaga þar sem nemendur fá að njóta sín í leik og starfi
- leggi áherslu á leiklist og sviðsframkomu í öllum árgöngum
- leggi áherslu á að læra í gegnum leik

Að **læra** vísar til þess að skólinn:

- veiti nemendum tækifæri til að afla sér þekkingar og leikni
- kenni nemendum vinnubrögð sem stuðla að stöðugri viðleitni til menntunar og þroska
- hvetji nemendur til ábyrgðar á eigin námi
- veiti markvissa endurgjöf til nemenda til að stuðla að framförum í námi
- vinni að einstaklingsmiðun náms þar sem þörfum hvers einstaklings er mætt
- skapi hvetjandi námsumhverfi þar sem notaðar eru fjölbreyttar náms- og kennsluaðferðir og krefjandi viðfangsefni
- hvetji nemendur til ígrundunar og virkrar þátttöku í námi

Sjálfsmatsaðferð og framkvæmd mats

Árskóli hefur allt frá árinu 1999 byggt sjálfsmat sitt á skoskri sjálfsmatsaðferð, ***How good is our school?*** Aðferðin hefur verið endurskoðuð og uppfærð í gegnum árin. Þrisvar sinnum hafa uppfærslurnar verið þýddar yfir á íslensku, árin 1999, 2010 og 2016. Nýjasta útgáfan heitir: *Hversu góður er grunnskólinn okkar?*

Í sjálfsmatskerfinu *Hversu góður er grunnskólinn okkar?* byggir líkanið á því að skólastarfinu sé skipt í þrjá lykilþætti, sem flestir eru síðan greindir í tvo eða fleiri undirþætti eða þemu.

1. Forysta og stjórnun
2. Námskilyrði
3. Velgengni og árangur

Sjálfsmatsskýrsla Árskóla 2026

Þegar mat á einstaka gæðagreinum fer fram liggja ávallt fyrir þrjár grundvallarspurningar. Þær eru eftirfarandi:

1. **Hvernig stöndum við okkur?**
2. **Hvernig vitum við það?**
3. **Hvað gerum við næst?**

Með sjálfsmatsefninu fylgir einkunnaskali sem gerir ráð fyrir einkunnagjöf á bilinu 1 - 6. Sett eru fram viðmið um einkunnina 5 eða ***mjög gott***, sem merkir að styrkleikar einkenni ákveðið svið skólastarfsins. Hljóti skóli einkunnina 6 í einhverjum gæðagreinum þarf starfið í þeim þætti að vera framúrskarandi á landsvísu og skólinn leiðandi á því sviði eða að matsaðilar telja það starf sem við kemur tilteknum gæðagreinum sé þess verðugt að útbreiða og kynna til annarra. Sjá einkunnaskala í viðauka IV.

Framkvæmd matsins:

Gerð er áætlun til þriggja ára um þá þætti í skólastarfinu sem á að meta. Áætlunin tekur til þeirra þriggja lykilþátta sem sjálfsmatskerfið ***Hversu góður er grunnskólinn okkar?*** byggir á auk þeirra gæðagreina sem starfsfólk Árskóla hefur búið til og byggja á sérstöðu skólans. Sjá þriggja ára áætlun um sjálfsmat í Árskóla nánar síðar í skýrslunni.

Matið er unnið í vefkerfinu Bravo Lesson. Allir gæðagreinar skólans eru þar inni en suma þeirra þarf að laga betur að starfi skólans. Bravo Lesson er ætlað að stuðla að aukinni skilvirkni og auðvelda framkvæmd sjálfsmats og gerð umbótaáætlana. Vinnan í kerfinu eflir skipulag og sparar tíma auk þess að búa yfir þeirri hagræðingu að geta flutt út skýrslur og birt myndrit við kynningar og á heimasíðu skólans.

Starfsmenn skólans vinna að matinu í matshópum, skipting fer eftir aðstæðum og matsþáttum hverju sinni. Ætlast er til þess að skólar meti gæðagreininn í heild sinni eða velji gæðaviðmið til mats og umbóta. Jafnframt eru skólar hvattir til að bæta við gæðaviðmiðum sem snúa að sérstöðu skólans og aðlaga með þeim hætti sjálfsmatskerfið að skólastarfi á hverjum stað.

Hver matshópur ígrundar atriðin sem lögð eru fyrir til mats hverju sinni og gefur þeim einkunnir skv. einkunnaskalanum sem fylgir efninu, sjá viðauka IV. Matsaðilar koma sér svo saman um eina heildareinkunn sem gefin er í lokin fyrir gæðagreininn sem liggur fyrir til mats. Í matsvinnunni er aðalatriðið að styrkleikar og þeir þættir sem þarfnast úrbóta í

Sjálfsmatsskýrsla Árskóla 2026

gæðagreininum séu dregnir fram, rökstuddir og skráðir. Gjarnan er talað um „sönnunargögn“ í þessu tilliti.

Þegar matsvinnunni er lokið er umbótaáætlun unnin á grunni niðurstaðna. Þar eru markmiðssettar umbótatillögur settar fram, þær tímasettar og tillögur gerðar um hverjir eigi að hafa umsjón með að þeim sé framfylgt. Viðmið eru einnig sett fram um hvernig meta eigi árangur umbótanna.

Draga má saman og skilgreina vinnubrögðin í mati með aðferðum sjálfsmatskerfisins
Hversu góður er grunnskólinn okkar? í fjórum skrefum:

1. ***Skilgreining lykilþátta***, undirþátta eða þema eftir því sem við á
2. ***Skilgreining viðmiða***, hvað þarf til að standa undir einkunninni 5 og viðhalda henni. Einkunnaskali frá 1 - 6 skilgreinir að auki gildi einkunna í matsvinnunni. Hæsta mögulega gefin einkunn er 6, eða ***framúrskarandi***. Skotarnir gera ráð fyrir utanaðkomandi mati og staðfestingu á réttmæti slíkrar einkunnar þegar hún er gefin af starfsfólki skóla. Ekki er formlega unnt enn sem komið er hér á landi að kalla eftir slíkri endurgjöf utanaðkomandi aðila
3. ***Greining sterkra þátta í skólastarfi svo og þátta sem þarfnast umbóta***, umsögn og einkunnagjöf
4. ***Skilgreining leiða til að ná hámarkseinkunn***, eða að viðhalda henni. Stefnumótun í umbótaáætlun eftir því sem við á.
5. ***Eftirfylgni umbóta***.

Sjálfsmat veturinn 2025-2026

Fagmennskuteymi Árskóla sér um utanumhald á sjálfsmati starfsfólks, nemenda og foreldra. Í því eiga sæti deildarstjórar stiga og stoðþjónustu, fulltrúi kennara á hverju stigi og verkefnisstjóri. Teymið fundaði nokkrum sinnum á þessu skólaári, endurbætti gæðagreina, gerði áætlanir um fyrirlögn á mati á skólastarfinu og vann að umbótaáætlun. Haldnir voru 5 matsfundir og var matið unnið í matshópum í Bravo Lesson kerfinu. Niðurstöður matsins voru teknar saman í umbótaáætlun sem fagmennskuteymið fylgir eftir og sér um að koma til starfsmanna til úrvinnslu.

Sjálfsmatsskýrsla Árskóla 2026

Yfirlit yfir matsþætti skólaársins 2025-2026:

Matsþættir úr sjálfsmatsefninu <i>Hversu góður er grunnskólinn okkar?</i>
1.1 Umbótamiðað sjálfsmat
1.2 Forysta í skólastarfi
1.3 Breytingastjórnun
2.1 Nemendavernd
2.4 Einstaklingsmiðun
2.5 Þátttaka fjölskyldna
2.6 Samfella í skólastarfi
3.2 Betri frammistaða og aukinn árangur

Árskólagæðagreinar
5.1 Lestur og skilningur
5.2 Lestrarhvetjandi umhverfi
5.3 Samstarf við heimilin
5.4 Samfella á milli skólastiga
5.5 Tvítyngi, fjöltyngi
5.6 Einstaklingsmiðun
5.7 Skimanir
6.1 Grunnþættir Byrjendalæsis

Hér á eftir eru settar fram helstu niðurstöður mats úr þeim gæðagreinum sem lagðir voru fyrir til mats á skólaárinu og áætlun um umbætur.

Innra mat á skólastarfi – starfsfólk

Heildareinkunnagjöf vegna mats á gæðagreinum á matsfundum vetrarins:

Matsþættir skólaárið 2025-2026	Einkunnagjöf
1.1 Umbótamiðað sjálfsmat	5, 5, 5, 5
1.2 Forysta í skólastarfi	5, 5, 5, 5

1.3 Breytingastjórnun	5, 5, 5, 5
2.1 Nemendavernd	5, 5, 5, 5
2.4 Einstaklingsmiðun	5, 5, 5, 5, 5, 5
2.5 Þátttaka fjölskyldna í skólastarfi	5, 5, 5, 5
2.6 Samfella í skólastarfi	5, 5, 5, 5
3.2 Betri frammistaða og aukinn árangur	5, 5, 5, 5, 5, 5

Mat á gæðagreiðni 1.1 - Umbótamiðað sjálfsmat

Gæðagreinirinn var metinn af fjórum hópum kennara og annars starfsfólks. Fram kemur í svörum að styrkleikar skólans liggi m.a. innra mati og að unnið sé markvisst eftir umbótaáætlun. Starfsfólk er jákvætt gagnvart þróun skólasamfélagsins og símenntun. Vel er fylgst með líðan nemenda og áhersla lögð á góða samvinnu milli heimilis og skóla. Mikilvægt er að fá viðhorf foreldra, nemenda og starfsfólks þegar farið er í umbætur á skólastarfi. Fram kemur að mikilvægt sé að nemendur beri enn frekari ábyrgð á eigin námi og innra mat skólans sé nýtt til að styrkja þennan þátt enn frekar.

Mat á gæðagreiðni 1.2 Forysta í skólastarfi

Gæðagreinirinn var metinn af fjórum hópum starfsfólks. Starfsfólk upplifir stuðning og traust frá stjórnendum. Það er hvatt til að afla sér frekari menntunar. Teymiskennsla og þverfaglegt starf er innan skólans. Mikilvægt er að teymi setji niður fastan fundartíma sem allir geta setið sem að teyminu koma. Efla mætti faglega umræðu milli stiga og námsgreina með skipulögðum hætti.

Mat á gæðagreiðni 1.3 - Breytingastjórnun

Gæðagreinirinn var metinn af fjórum hópum starfsfólks. Starfsfólk telur að skólastarfið sé lifandi og í stöðugri þróun. Fjölbreytt tækifæri eru til símenntunar. Starfsandi er góður og samstarf gott. Mikil áhersla er á hvers konar einstaklingsmiðun í skólanum. Starfsfólk er jákvætt fyrir breytingum en telur mikilvægt að það sé virkur þátttakandi í allri umbótavinnu. Sjálfsmat skólans er umbótamiðað og miðar að jákvæðum breytingum. Hæfniviðmið aðalnámskrár þurfa vera sýnilegri nemendum. Mikilvægt er að ljúka skólaári með yfirferð á námsmarkmiðum á hverju stigi fyrir sig.

Mat á gæðagreiðni 2.1 - Nemendavernd

Gæðagreinirinn var metinn af fjórum hópum kennara og annars starfsfólks. Upplýsingaflæði og samvinna er sterkur þáttur í skólastarfinu. Starfsfólk vinnur saman sem heild með hag nemenda að leiðarljósi. Góðir verkferlar í nemendaverndarmálum, stefnumótun og yfirlit um stöðu einstakra mála er til staðar. Uppfæra þarf aðferðir við skráningu foreldra á leyfum og veikindum. Tryggja þarf að gögn er varða einstaka nemendur séu geymd á öruggan hátt og samkvæmt reglum sem um slík skjöl gilda.

Mat á gæðagreiðni 2.4 - Einstaklingsmiðun

Gæðagreinirinn var metinn af sex hópum kennara og annars starfsfólks. Í niðurstöðum kemur fram að reynt er að mæta námsþörfum allra nemenda með fjölbreyttum náms- og kennsluáðferðum. Mikið er lagt upp úr einstaklingsmiðun. Starfsfólk myndar góð tengsl við nemendur, er lausnamiðað og sveigjanlegt, og leggur sig fram um að þekkja náms- og félagslegar þarfir þeirra. Mikilvægustu þættirnir eru að góð samvinna sé milli heimilis og skóla, að allir nemendur fái nám við hæfi og komið sé til móts við þarfir þeirra t.d. með fjölbreyttum verkefnaskilum.

Mat á gæðagreiðni 2.5 - Þátttaka fjölskyldna í skólastarfi

Gæðagreinirinn var metinn af fjórum hópum kennara og annars starfsfólks. Helstu niðurstöður eru að starfsfólk telur þátttöku fjölskyldna í skólastarfinu almennt góða. Flestar fjölskyldur taka þátt í uppbroti í skólastarfinu og mæta á viðburði sem fjölskyldum er boðið á. Mikilvægt er að halda áfram að hvetja fjölskyldur til áframhaldandi þátttöku í skólastarfinu og vera meðvituð um það að finna leiðir til að virkja þá sem ekki taka þátt.

Mat á gæðagreiðni 2.6 - Samfella í skólastarfi

Gæðagreinirinn var metinn af fjórum hópum kennara og annars starfsfólks. Starfsfólk telur að gott samstarf sé milli skólastiga, leikskóla og grunnskóla og milli grunnskóla og framhaldsskóla. Góðir og ítarlegir skilafundir eru milli stiga þar sem allir sem koma að árgangi eru upplýstir um bekkina sem þeir eru að taka við. Starfsfólkið telur einnig að það fái góðar upplýsingar frá stoðþjónustu um þarfir allra nemenda.

Það sem helst þyrfti að bæta samkvæmt matinu er að umsjónarkennarar þurfa að passa að koma upplýsingum til annarra starfsmanna varðandi nemendur sem þurfa sértæka aðstoð s.s. vegna tungumálakunnáttu. Samstarf milli skólastiga innan skólans mætti bæta með tilliti til

samfellu í námi. Einnig mætti leggja fyrir áhugasviðskönnun í lok 10. bekkjar. Tryggja þarf meiri samfellu í ákveðnum fögum milli stiga, t.d. íslensku. Hæfniviðmið þyrfti að meta jafnt og þétt yfir veturinn svo allir geti áttað sig betur á stöðu og framvindu í námi.

Mikilvægustu þættirnir að mati starfsfólks eru að vinna að betri samfellu milli stiga, árganga sem og við önnur skólastig (leik- og framhaldsskóla) og tryggja að samstarf og upplýsingaflæði sé gott.

Mat á gæðagreini 3.2 - Betri frammistaða - aukinn árangur

Gæðagreinirinn var metinn af sex hópum kennara og annars starfsfólks. Starfsmenn eru sammála um að í skólanum er unnið gott og faglegt starf þar sem komið er til móts við þarfir nemenda. Nemendum er mætt af sanngirni, nám þeirra er einstaklingsmiðað og tekið er tillit til þarfa allra nemenda. Brugðist er við þegar skólasókn nemenda hrakar og unnið með hvert tilfelli einstaklingslega. Mikilvægustu þættirnir að mati starfsfólks eru að skólaumhverfið sé hvetjandi fyrir nemendur til þess að vilja bæta námsárangur sinn og að allar leiðir séu nýttar til að mæta ólíkum þörfum nemenda með góðu samstarfi við samstarfsaðila og atvinnulíf.

Mat á gæðagreini - Lestrarstefna

Í Árskóla er mikil áhersla lögð á læsi í víðasta skilningi þess orðs. Telur starfsfólk mikilvægt að efla sjálfsöryggi nemenda og ánægju af lestri þar sem lestur er undirstaða alls náms. Til að svo megi vera þarf að skapa jákvætt og hvetjandi lestrarumhverfi. Nái nemendur ekki lestrarviðmiðum síns aldurs er markvisst unnið að því að þjálfa þá betur. Niðurstöður skimana eru nýttar á markvissan hátt til að greina vanda og vinna að úrlausn. Samfella er milli skólastiga og áhersla lögð á fjölbreytt aldurssvarandi lestrarefni. Áhersla er lögð á heimalestur og forsjáraðilar hvattir til að taka virkan þátt í lestrarnámi barna sinna. Til að auka árangur í lestrarnámi telur starfsfólk að leggja megi áherslu á að nemenð nemendudur þekki fleiri lestraraðferðir. Þá er mikilvægt að aðgengi að skólabókasafni sé gott og það opim meðan skólinn er opinn. Leita skal allra leiða til að virkja heimilin í lestrarnámi nemenda.

Mat á gæðagreini - Byrjendalæsi

Gæðagreinir um grunnþætti Byrjendalæsis var metinn tvisvar á þessu skólaári af starfsfólki á yngsta stigi. Gæðagreinarnir byggja á matskvörðum frá Háskólanum á Akureyri. Matið kom í meginatriðum vel út og er skólinn að fylgja þeim aðferðum og stöðlum sem um Byrjendalæsið gilda. Starfsfólk telur þó að gera megi kennslurýmið sveigjanlegra. Einnig má


iðka paralestur, kórlestur, bergmálslestur og yndislestur enn frekar. Kenna skuli gagnvirkan lestur þar sem persónur eru markvisst notaðar.

Innra mat á skólastarfi – foreldrar

Könnun var lögð fyrir foreldra/forsjáraðila í 2., 4., 7. og 10. bekk á viðtalsdegi í febrúar sl. Alls tóku 110 foreldrar/forsjáraðilar þátt og gefa niðurstöður almennt til kynna að þeir eru jákvæðir gagnvart skólastarfi í Árskóla. Í könnun sem þessari gefst foreldrum/forsjáraðilum tækifæri til að leggja mat á og tjá sig um skólastarfið, um það sem vel er gert og það sem betur má fara. Það er mikilvægt fyrir skólastarfið að fá fram viðhorf foreldra/forsjáraðila með þessum hætti og eru niðurstöður nýttar í þeim tilgangi að bæta skólastarfið en slík umbótavinna fer ávallt fram í gegnum sjálfsmatsaðferðir skólans. Samkvæmt niðurstöðum könnunarinnar segja um 99% sem svöruðu könnuninni Árskóla vera mjög góðan eða frekar góðan skóla.

2. Hvernig skóli finnst þér Árskóli vera?


110 svör



Um 82,6% foreldra segja miklar eða talsverðar framfarir hafa verið í skólastarfinu í heild undanfarin ár. Það er ánægjulegt að sjá að foreldrar meta og vitna um framfarir í skólastarfi Árskóla. Um 99% þeirra segja skólastarfið svara þeim kröfum fremur vel eða mjög vel, sem eðlilegt sé að gera til skóla í nútímasamfélagi. Eru það svipaðar niðurstöður og frá fyrri árum. Einnig segja um 94,5% foreldra að barninu þeirra líði mjög vel eða frekar vel í skólanum og námsþörfum þess sé vel sinnt.

6. Hversu vel eða illa telur þú að barninu þínu líði í skólanum ?

110 svör




Þegar foreldrar voru spurðir hversu vel eða illa þeir gætu mælt með Árskóla við aðra svöruðu allir mjög vel eða frekar vel. Um 96,4% foreldra telja náms- og kennsluaðferðir í Árskóla vera mjög fjölbreyttar eða frekar fjölbreyttar og 98,2% foreldra telja að námsþörfum barnsins þeirra sé sinnt frekar vel eða mjög vel. Um 96,4% foreldra sem þátt tóku í könnuninni telja að barnið þeirra fái yfirleitt eða alltaf að njóta sín í skólanum.

Mikil jákvæðni er í garð núverandi umsjónarkennara barnanna en 99% foreldra segja að viðhorf til umsjónarkennara sé ýmist mjög jákvætt eða fremur jákvætt. Þessar niðurstöður eru samhljóma því sem nemendur segja í könnun Skólapúlsins þar sem matsþátturinn samband nemenda við kennara er yfir landsmeðaltali.

7. Hversu ánægður eða óánægður ertu með samskipti starfsfólks skólans við barnið þitt?

109 svör




Nokkur samhljómur er í niðurstöðum kannana hjá foreldrum, nemendum og starfsfólki skólans hvað varðar ábyrgð nemenda á eigin námi. Samkvæmt foreldrakönnun telja aðeins 19,1% foreldra/forsjáraðila að barn þeirra taki mjög mikla ábyrgð á eigin námi. Þessi

niðurstaða er heldur lægri en árið áður. Í árlegri skimun starfsmanna kemur fram að ábyrgð nemenda á eigin námi er undir þeim viðmiðum sem skólinn setur sér. Nemendakönnun Skólapúlsins sýnir að trú nemenda á eigin vinnubrögðum í námi er marktækt undir landsmeðaltali.

8. Hversu mikla ábyrgð finnst þér barnið þitt taka á eigin námi?

110 svör



Heildarniðurstöður foreldrakönnunarinnar eru í viðauka 2.

Skólapúlsinn

Á skólaárinu var nemendakönnun lögð fyrir með vefkerfi Skólapúlsins, tólfta árið í röð. Vefkerfi Skólapúlsins hýsir bæði verkefni Skólapúlsins og verkefni Skólavogarinnar. Skólavogin er tæki sem mörg sveitarfélög nýta, þ.á.m. Skagafjörður. Kerfið heldur m.a. utan um ýmsar rekstrarupplýsingar um skólastarfið og skilar samanburði á viðhorfi nemenda, foreldra/forsjáradila og kennara í skólum við aðra grunnskóla landsins í gegnum kannanir Skólapúlsins.

Niðurstöður einstakra matsþátta eru í sumum tilfellum settar fram á stöðluðum kvarða sem kallast staðalniur (stanines). Staðalniur eru með meðaltalið 5 og staðalfrávikíð 2. Viðmiðunarreglan er sú að meðaltalsmunur upp á 0,5 stig á staðalniukvarða telst *ekki mikill munur*, munur upp á 1,0 stig telst *töluverður munur* og munur upp á 1,5 stig telst *mikill munur*. Túlkun á mikilvægi munarins fer eftir efni og dreifingu hvers matsþáttar fyrir sig. Í sumum tilfellum eru niðurstöður settar fram sem hlutfall svara við ákveðnum svarmöguleikum. Í þeim tilfellum er engin almenn viðmiðunarregla um túlkun.

Sjálfsmatsskýrsla Árskóla 2026

Viðmið nemendakönnunar voru sett í upphafi skólaárs 2015 og merkir talan 5 dæmigerðan nemenda og hefur verið notast við það viðmið síðan.

Ef mæling skólans á tilteknum þætti er marktækt fyrir ofan eða neðan niðurstöðu annarra skóla miðað við 90% öryggismörk er mismunurinn í aftasta dálki fyrir aftan nafn þáttarins stjörnumerktur og ýmist með **grænum stöfum** + eða **rauðum stöfum** -. Þetta merkir að hægt sé að fullyrða með 90% vissu að munurinn sé raunverulega til staðar í þýðinu. Lágmarkssvarhlutfall í könnunum Skólapúlsins er 60%. Þegar svarhlutfall er lægra en 70% eru niðurstöður birtar með fyrirvara um að þær endurspegli mögulega ekki almennt viðhorf þátttakenda.

Niðurstaða hvers þáttar er annað hvort meðaltal mæligilda á bilinu 1 til 9 eða hlutfall svarenda sem velja tiltekna svarmöguleika. Sem viðmiðunarregla er meðaltalsmunur upp á 0,5 stig ekki mikill munur, munur upp á 1,0 stig telst töluverður munur og munur upp á 1,5 stig og meira telst mikill munur. Liðurinn **breyting** er sú tala sem greinir frá breytingu á mælingum á niðurstöðum nemendakönnunar innan skólans nú miðað við þegar könnunin var síðast lögð fyrir. Hér má sjá yfirlit yfir stöðu matsþátta og umfjöllun um hvern efnisflokk.

Á vef Skólapúlsins má nálgast nánari upplýsingar um aðferðafræðilegar aðferðir vefkerfisins sjá **hér**.

Skólapúlsinn - nemendur

Nemendakönnun Skólapúlsins var lögð fyrir í Árskóla fjórum sinnum yfir skólaárið í október, desember, febrúar og apríl. Fjórðungur nemenda í hverjum árgangi í 6. – 10. bekk tók könnunina í hverri fyrirlögn. Alls voru 199 nemendur skráðir til þátttöku í könnuninni, svarhlutfall var 96,5%. Nemendakönnunin skiptist í þrjá lykilþætti, þeir eru *virgni nemenda í skólanum, líðan og heilsa og skóla- og bekkjarandi*. Fjórði lykilþátturinn er *opin svör*. Niðurstöður könnunarinnar gefa vísbendingar um stöðu nemenda í skólanum miðað við stöðu nemenda í öðrum skólum á landinu sem taka þátt í Skólapúlsinum. Einnig sýna niðurstöður þróun á milli skólaára á viðhorfum nemenda innan Árskóla á skólastarfinu.

Sjálfsmatsskýrsla Árskóla 2026

1. Virkni nemenda í skólanum

Matsþættir ↑ ↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
1.1. Ánægja af lestri	4,4	182	0,2	4,4	16.182	0,0
1.2. Þrautseigja í námi	4,3	188	0,0	4,6	16.332	-0,3*
1.3. Áhugi á stærðfræði	4,6	188	0,1	4,7	16.569	-0,1
1.4. Ánægja af náttúrufræði	4,5	188	0,4	4,6	16.547	-0,1
1.5. Trú á eigin vinnubrögð í námi	4,5	188	-	4,8	16.290	-0,3*
1.6. Trú á eigin námsgetu	4,9	188	-0,1	4,9	16.509	0,0
1.7. Hlutfall nemenda með snjallsíma	86,0%	160 _{/186}	-5,7%	73,3%	11533 _{/16141}	12,7%*
1.8. Símanotkun á skólatíma	0,4 klst.	159	0,1 klst.	0,4 klst.	11.501	0,0 klst.

Í flokknum *virkni nemenda* mælast viðhorf nemenda undir eða við landsmeðaltal líkt og niðurstöður innan skólaársins gefa til kynna. Þátturinn *ánægja af lestri* mælist á landsmeðaltali og hefur hækkað örlítið frá síðasta ári. *Áhugi á stærðfræði* hefur heldur vaxið en er örlítið undir landsmeðaltali. *Ánægja af náttúrufræði* hefur lengi verið marktækt undir landsmeðaltali en hefur aukist töluvert á þessu skólaári og er nú rétt undir landsmeðaltali. *Trú á eigin vinnubrögð og þrautseigja í námi* hafa dalað og mælast nú marktækt undir landmeðaltali. *Trú á eigin námsgetu* hefur aðeins minnkað og er á pari við landið. *Hlutfall nemenda með snjallsíma* í skólanum er marktækt yfir landsmeðaltali en *símanotkun á skólatíma* er sú sama og annars staðar á landinu.

2. Líðan og velferð

Matsþættir ↑ ↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
2.1. Sjálfsálit	4,5	188	0,1	4,4	16.246	0,1
2.2. Stjórn á eigin lífi	4,6	188	0,3	4,4	16.177	0,2
2.3. Velliðan	5,0	188	0,4	4,6	16.397	0,4*
2.4. Áhyggjur og stress - ástæður	-	39	-	-	-	-
2.5. Einnelti	5,5	188	-0,3	5,7	16.365	-0,2
2.6. Tíðni eineltis	11,2%	21 _{/187}	-1,5%	15,9%	2649 _{/16271}	-4,7%*
2.7. Staðir eineltis	-	20	-	-	-	-
2.8. Í mat í skólanum	71,8%	135 _{/188}	-16,5%	75,0%	12348 _{/16303}	-3,2%
2.9. Oftast góður eða frekar góður matur	36,0%	54 _{/150}	22,8%	45,1%	6200 _{/13820}	-9,1%*
2.10. Borða ekki matinn í skólanum - ástæður	-	36	-	-	-	-
2.11. Ábendingar nemenda um matinn í skólanum	-	96	-	-	-	-

Sjálfsmatsskýrsla Árskóla 2026

Í flokknum *líðan og heilsa* mælast þættirnir *sjálfsálit og stjórn á eigin lífi* yfir landsmeðaltali og hafa báðir þættir vaxið frá fyrra ári. *Velliðan* nemenda mælist marktækt yfir landsmeðaltali. Tíðni eineltis hefur minnkað frá árinu á undan og mælist marktækt undir landsmeðaltali eða 4,7%. 21 af 187 nemenda í 6. - 10. bekk sem svara spurningunni segjast hafa orðið fyrir einelti skv. könnuninni. Skilgreining á einelti skv. Skólapúlsinum samræmist hins vegar ekki skilgreiningu á einelti skv. eineltisáætlun sem skólinn starfar eftir. 135 nemendur eða 71,8% eru í mataráskrift í skólanum en það er 3,2% undir landsmeðaltali. Töluverður munur er á viðhorfi nemenda til skólamáltíðanna miðað við landsmeðaltal en 54 af 150 nemendum finnst maturinn „oftast góður“ eða „frekar góður“ sem er 9,1% undir landsmeðaltali. 96 nemendur tjáðu sig nánar um skólamáltíðir.

3. Skóla- og bekkjarandi

Matsþættir ↑ ↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
3.1. Samsömun við nemendahópinn	5,0	187	-0,1	4,9	16.101	0,1
3.2. Samband nemenda við kennara	5,1	187	-0,1	4,9	16.274	0,2
3.3. Agi í tímum	4,4	187	0,0	4,9	16.253	-0,5*
3.4. Virk þátttaka nemenda í tímum	4,7	187	0,2	5,0	16.199	-0,3
3.5. Tíðni leiðsagnarmats	4,9	187	0,0	4,9	16.200	0,0

Í flokknum skóla- og bekkjarandi var breyting milli ára. *Samsömun við nemendahópinn* og *samband nemenda við kennara* minnkaði heldur milli ára en er þó aðeins yfir landsmeðaltali. *Agi í tímum* stendur í stað milli ára og er marktækt undir landsmeðaltali. *Virk þátttaka nemenda í tímum* jókst örlítið milli ára en er enn undir landsmeðaltali. *Tíðni leiðsagnarmats* breytist ekki milli ára og er á landsmeðaltali.

Árleg skimun, starfsfólk

Árleg skimun var lögð fyrir allt starfsfólk Árskóla í lok skólaársins. Skimunin byggir á gæðaviðmiðum um skólastarf úr sjálfsmatsaðferðinni *Hversu góður er grunnskólinn okkar?*, 4. útg., ásamt gæðagreinum sem starfsfólk skólans hefur búið til á undanförunum áratugum um fjölmarga þætti skólastarfsins. Skimunin var lögð fyrir í kannanakerfinu Google Forms og send til þátttakenda í tölvupósti. Niðurstöður skimunarinnar verða ígrundaðar og við þeim brugðist með starfsfólki skólans í upphafi næsta skólaárs. Þar sem einkunnagjöf er lág í matsþáttum gefst tækifæri til að bregðast við með viðeigandi umbótum. Niðurstöður skimunarinnar má sjá í viðauka 1. Þar má sjá sundurliðaða einkunnagjöf á einstaka

Sjálfsmatsskýrsla Árskóla 2026

matsþáttum. Einnig er reiknað hlutfall þeirra starfsmanna sem gefa einkunnirnar 4- *gott*, 5- *mjög gott* og 6- *framúrskarandi* í einstökum matsþáttum. Þeir þættir sem þarf að huga sérstaklega að skv. niðurstöðum skimunarinnar eru eftirfarandi og má sjá hér á eftir.

Sjö þættir mældust hlutfallslega lægri en 80% þegar teknar eru saman einkunnirnar 4- *gott*, 5- *mjög gott* og 6- *framúrskarandi* í einstökum matsþáttum:

- Ábyrgð nemenda gagnvart námi sínu.
- Hollustugildi máltíða og fjölbreytni í fæðuframboði í mötuneyti skólans.
- Vægi og skipulag útikennslu.
- Fræðsla um aga og bekkjarstjórnun.
- Sjálfsmat og jafningjamat í nemendahópnum.
- Nýta þann tíma sem gefinn er til samráðs kennara og starfsfólks stoðþjónustu.
- Skapa vettvang til að ræða við nemendur um námsárangur, eftirfylgni og leiðir til úrbóta. Þjálfar markmiðssetningu meðal nemenda og efla þrautseigju og ábyrgð þeirra.
- Gera námsmarkmið sýnilegri í námsrýmum.

Hollustugildi máltíða er sá þáttur sem kemur verst út líkt og undanfarin ár og hefur heldur minnkað frá fyrra ári. Þá telur starfsfólk að grípa þurfi til aðgerða til að bæta aga- og bekkjarstjórnun. Samhljómur er á milli þessarar niðurstöðu og niðurstöðu hvað varðar þennan þátt í Skólapúlsinum.

Sérstaklega jákvæð svörun kom út í nokkrum þáttum og má þar helst nefna samstarf við foreldra/forsjáaraðila, samstarf alls starfsfólks innan skólans, mat á eigin fagmennsku og skuldbinding starfólks í skólastarfinu.

Umbótaáætlun skólaársins 2025-2026

Umbótaáætlun fyrir skólaárið 2025-2026 var unnin af fagmennskuteymi skólans. Stuðst var við niðurstöður úr innra mati skólans, foreldrakönnun, niðurstöður úr nemendakönnun í Skólapúlsinum og árlegri skimun starfsmanna. Umbótaáætlun innra mats er í viðauka 3.

Hvað þarf að gera?

Skapa þarf vettvang til að ræða við nemendur um námsárangur, eftirfylgni og leiðir til úrbóta. Þjálfa þarf markmiðssetningu meðal nemenda og efla þrautseigju og ábyrgð þeirra.

Efla þarf sjálfsmat og jafningjamat í nemendahópnum.

Skapa þarf umræðuvettvang og tækifæri fyrir foreldra, nemendur og starfsfólk þar sem það getur haft áhrif og tekur þátt í mótun skólastarfsins.

Halda þarf faggreinafundi fyrir hverja námsgrein a.m.k. einu sinni á skólaári.

Námsmarkmið verði sýnilegri í námsrýmum.

Endurskoða þarf skráningu forfalla í Mentor.

Tryggja þarf að gögn er varða einstaka nemendur séu geymd á öruggan hátt og samkvæmt reglum sem um slík skjöl gilda.

Efla þarf fræðslu um aga og bekkjarstjórnun.

Efla þarf umræðu og fræðslu til nemenda um skóla án aðgreiningar.

Bæta þarf hollustugildi, fjölbreytni og framboð fæðu í mötuneyti skólans.

Auka þarf vægi og skipulag útikennslu og skapa þannig hefð um hana.

Áætlun um sjálfsmat 2026-2029

Í meðfylgjandi töflu má sjá yfirlit yfir matsþætti skv. sjálfsmatsaðferðinni *Hversu góður er grunnskólinn okkar?*, sem ráðgert er að leggja fyrir til mats og umbóta á næstu þremur árum. Lykilþættirnir þrír úr skoska sjálfsmatsefninu eru merktir með bláum, grænum og appelsínugulum lit. Gæðagreinar sem búnir hafa verið til í Árskóla eru merktir með gulum lit (Ágg.). Jafnframt er hægt að sjá yfirlit yfir hvenær ýmsar kannanir eru lagðar fyrir svo og hvenær ráðgert er að skýrslur um skólastarf séu birtar.

Sjálfsmatsskýrsla Árskóla 2026

Skólaár	2026-2027	2027-2028	2028-2029
Haustönn			
	2.3 Nám, kennsla og námsmat	2.7 Samstarf	2.1 Nemendavernd
	1.5 Verklag sem stuðlar að sanngirni	3.1 Velferð jafnrétti og skóli án aðgreiningar	2.5 Þátttaka fjölskyldna í skólastarfi
	2.2 Skólanámskrá	3.3 Sköpun og starfshæfni	2.6 Samfella í skólastarfi
	Mat nemenda á skólastarfi, yngsta stig, nemendagæðagreinir Ágg.	Námsmatsgæðagreinir - Ágg.	2.4 Einstaklingsmiðun
	Mat foreldra/ forsjáraðila á skólastarfi, foreldragæðagreinir - Ágg.	Mat nemenda á skólastarfi, yngsta stig, nemendagæðagreinir Ágg.	3.2 Betri frammistaða og aukinn árangur
			Lestrarstefna Skagafjarðar
Vorönn			
	Viðburðadagar í skólastarfi - Ágg.	Teymiskennsla - Ágg.	1.2 Forysta í skólastarfi
	Jafnréttisgæðagreinir - Ágg.	Mötuneytisgæðagreinar - Ágg.	1.3 Breytingastjórnun
	1.4 Forysta og starfsmannastjórnun		1.1 Umbótamiðað sjálfsmat
	Mat nemenda á skólastarfi, jafnréttisgæðagreinir - Ágg.	Mat nemenda á skólastarfi, nemendagæðagreinir - Ágg.	Mat nemenda á skólastarfi, jafnréttisgæðagreinir - Ágg.

Sjálfsmatsskýrsla Árskóla 2026

			Mat foreldra/ forsjáraðila á skólastarfi, foreldragæðagreinir - Ágg.
Kannanir			
Okt., des. feb., apríl	Skólapúlsinn nemendakönnun lögð fyrir fjórum sinnum yfir skólaárið fyrir nemendur í 6. – 10. bekk	Skólapúlsinn nemendakönnun lögð fyrir fjórum sinnum yfir skólaárið fyrir nemendur í 6. – 10. bekk	Skólapúlsinn nemendakönnun lögð fyrir fjórum sinnum yfir skólaárið fyrir nemendur í 6. – 10. bekk
Janúar	Foreldrakönnun	Foreldrakönnun	Foreldrakönnun
Maí	Árleg skimun starfsfólks	Árleg skimun starfsfólks	Árleg skimun starfsfólks
Júní			
	Ársskýrsla Sjálfsmatsskýrsla	Ársskýrsla Sjálfsmatsskýrsla	Ársskýrsla Sjálfsmatsskýrsla

Viðaukar

Viðauki I - Árleg skimun starfsfólks í Árskóla, maí 2026

Viðauki II - Niðurstöður foreldrakönnunar

Viðauki III - Umbótaáætlun innra mats

Viðauki IV - Einkunnaskali, *Hversu góður er grunnskólinn okkar?*

Sjálfsmatsskýrsla Árskóla 2026

Viðauki I - Árleg skimun starfsfólks

Árleg skimun starfsfólks 2026	1 Ófullnægjandi	2 Slakt	3 Fullnægjandi	4 Gott	5 Mjög gott	6 Framúrskarandi	Svörin	Meðaleinkunn	% með eink 4-6 2025	% með eink 4-6 2024
2. Er umbótamiðið sjálfsmat óaðskiljanlegur hluti af skólastarfinu?			2	17	39	12	70	4.87	97%	97%
3. Á hvaða hátt hefur sjálfsmat skólans haft áhrif á velgengi og árangur nemenda?			2	19	43	3	67	4.70	97%	97%
4. Hvernig metur þú skuldbindingu starfsfólks í skólastarfinu?		1		14	44	10	69	4.90	99%	96%
5. Hversu ábyrga telur þú nemendur gagnvart námi sínu?		6	15	41	4	1	67	3.69	69%	84%
6. Á hvaða hátt hafa aðferðir okkar til skólaþróunar áhrif á árangur nemenda (s.s. byrjendalæsi, innleiðing tækni og lestrarstefnu) ?		1	1	23	39	4	68	4.65	97%	96%
7. Hvernig metur þú forystu og starfsmannastjórnun í skólanum, m.t.t. velferðar starfsfólks, faglegar leiðsagnar og stýðjandi starfsumhverfis?		3	3	13	39	12	70	4.77	91%	99%
8. Hversu árangursríkar eru aðferðir okkar sem hafa velferð nemenda að leiðarljósi þ.m.t. nemendavernd og öryggismál?			3	16	46	4	69	4.74	96%	97%
9. Hvernig metur þú gæði náms og kennslu í skólanum?			1	17	47	3	68	4.76	99%	97%
10. Eru nemendur markvisst þjálfaðir í að setja sér markmið í námi?		6	7	36	15	1	65	3.97	80%	89%
11. Hvernig metur þú gæði námsmats í skólanum?			3	20	40	4	67	4.67	96%	96%
12. Hvernig nýtum við niðurstöður námsmats í þágu nemenda?			4	25	35	3	67	4.55	94%	94%
13. Hvernig metur þú hvort og hvernig nám, kennsla og matsaðferðir mæta fjölbreyttum þörfum nemenda?		1	4	21	37	2	65	4.54	92%	97%
14. Hvernig metur þú gæði einstaklingsmiðunar og þau stuðningsúrræði sem skólinn býður nemendum?		3	3	20	33	8	67	4.60	91%	97%
15. Hvernig metur þú samstarf skólans við foreldra/forsjáráðila?			2	14	45	9	70	4.87	97%	99%
16. Á hvaða hátt metur þú samstarf alls starfsfólks innan skólans?			1	17	41	10	69	4.87	99%	100%
17. Á hvaða hátt metur þú samstarf skólans við samstarfsaðila utan skólans (s.s. fræðsluþjónustu, samstarfsskóla, samstarfsstofnanir o.s.frv.)?		2	5	27	27	6	67	4.45	90%	91%
18. Hvernig finnst þér skólinn ná að skapa námsumhverfi sem samræmist hugmyndafræðinni um skóla án aðgreiningar/menntun fyrir alla?		3	11	21	29	5	69	4.32	80%	95%
19. Hvernig fylgjum við eftir námsgengi nemenda og árangri?			4	22	35	5	66	4.62	94%	97%
20. Hvernig metur þú tækifæri nemenda til að beita sköpunarhæfni sinni í fjölbreyttum verkefnum?		1	6	19	35	7	68	4.60	90%	95%
21. Hvernig stöndum við okkur í eflingu lestrar skv. Lestrarstefnu Skagafjarðar?		1	2	23	36	5	67	4.63	96%	97%
22. Hvaða mat leggur þú á hvernig jafnrétti og sanngirni er haft að leiðarljósi í skólastarfinu?			1	21	38	9	69	4.80	99%	98%
23. Hvaða mat leggur þú á vinnu að forvörnum gegn einelti og úrvinnslu mála skv. aðgerðaáætlun skólans gegn einelti?			3	20	41	4	68	4.68	96%	95%
24. Voru bekkjarfundir haldnir reglulega á skólaárinu?		2	3	22	25	3	55	4.44	91%	79%
25. Hvernig metur þú skipulag, undirbúning og framkvæmd maraþons 10. bekkjar?			1	9	37	20	67	5.13	99%	97%
26. Hvernig metur þú skipulag, undirbúning og framkvæmd friðargöngu?			1	9	40	19	69	5.12	99%	97%
27. Hvernig metur þú skipulag, undirbúning og framkvæmd þorralóts?			1	9	46	11	67	5.00	99%	95%
28. Hvernig metur þú skipulag, undirbúning og framkvæmd Reykjaferðar 7. bekkjar?			2	7	30	12	51	5.02	96%	98%
29. Hvernig metur þú skipulag, undirbúning og framkvæmd íþróttadags?			1	6	48	14	69	5.09	99%	94%
30. Hvernig metur þú skipulag, undirbúning og framkvæmd skólaslita?			2	4	44	18	68	5.15	97%	97%
31. Hvernig metur þú skipulag, undirbúning og framkvæmd árshátíða nemenda?			2	6	36	25	69	5.22	97%	97%
32. Hvert er mat þitt á eigin fagmennsku í starfi?			1	10	50	9	70	4.96	99%	100%
33. Hvernig metur þú samvirkni kennara (m.t.t. samvinnu, gagnkvæms stuðnings, sameiginlegrar sýnar, miðlunar nýrrar þekkingar, fagstjórnar o.s.frv.)?			1	20	39	6	66	4.76	98%	96%
34. Hvaða mat leggur þú á aðbúnað og aðstöðu mótuneytis í Árskóla þ.m.t. eldhúsaðstöðu, matsals nemenda og hreinlætis- og umhverfissjónarmiða?	2	5	7	25	28	2	69	4.13	80%	90%
35. Hvaða mat leggur þú á hollustugildi máltíða og fjölbreytni í fæðuframboði í mótuneyti skólans?	3	22	15	18	7	2	67	3.15	40%	47%
36. Hvaða mat leggur þú á hvernig umhverfissjónarmið eru í heiðri höfð í skólastarfinu (s.s. flokkun sorps, innkaup, fræðsla til nemenda og starfsfólks um umhverfisvernd)?		2	7	35	24	1	69	4.22	87%	81%
37. Hvernig líður þér á vinnustað?		1	3	9	38	19	70	5.01	94%	100%
38. Auka þarf vægi og skipulag útikennslu og skapa þannig hefð um hana. Hvernig telur þú að til hafi tekist?		8	7	26	17	1	59	3.93	75%	
39. Efla þarf fræðslu um aga og bekkjarstjórnun. Hvernig telur þú að til hafi tekist?		10	18	24	8	1	61	3.54	54%	
40. Efla þarf sjálfsmat og jafningjamat í nemendahópnum. Hvernig telur þú að til hafi tekist?		2	12	26	11	1	52	3.94	73%	
41. Formgera þarf samráðsfundi teyma, s.s. nemendamál, kennsluhætti, vægi námsgreina einkum náttúrufræði og samskipti innan teyma. Hvernig telur þú að til hafi tekist?		1	6	21	20	1	49	4.29	86%	
42. Nýta þarf þann tíma sem gefinn er til samráðs kennara og starfsfólks stoðþjónustu. Hvernig telur þú að til hafi tekist?		5	10	19	18	1	53	4.00	72%	
43. Skapa þarf vettvang til að ræða við nemendur um námsárangur, eftirfylgni og leiðir til úrbóta. Þjálfar þarf markmiðssetningu meðal nemenda og efla þrautseigju og ábyrgð þeirra. Námsmarkmið verði sýnilegri í námsrýmum. Hvernig telur þú að til hafi tekist?	1	5	7	29	12	1	55	3.89	76%	

Sjálfsmatsskýrsla Árskóla 2026

Viðauki II - Niðurstöður foreldrakönnunar

Niðurstöður foreldrakönnunar í febrúar 2026

	Svarmöguleiki	%	Svarmöguleiki	%	Svarmöguleiki	%	Svarmöguleiki	%	Svarmöguleiki	%
Í hvaða bekk er barnið þitt?	2. bekk	22,7%	4. bekk	24,5%	7. bekk	29,1%	10. bekk	23,6%		
Hvernig skóli finnst þér Árskóli vera?	Mjög góður	60,0%	Frekar góður	39,1%	Frekar slæmur	0,9%	Mjög slæmur	0,0%		
Hvernig finnst þér skólastarfinu hafa miðað í heild undanfarin ár?	Miklar framfarir	6,5%	Talsverðar framfarir	76,1%	Kyrrstaða	17,4%	Talsverð afturför		Mikil afturför	
Hvernig finnst þér skólastarf í Árskóla svara þeim kröfum sem eðlilegt er að gera til skóla í nútímasamfélagi?	Mjög vel	36,4%	Fremur vel	62,7%	Fremur illa		Mjög illa	0,9%		
Hvernig finnst þér námsþörfum barnsins þins vera sinnt?	Mjög vel	45,4%	Frekar vel	52,8%	Frekar illa	1,8%	Mjög illa	0,0%		
Hversu vel eða illa telur þú að barninu þínu líði í skólanum?	Mjög vel	44,5%	Frekar vel	50,0%	Frekar illa	4,5%	Mjög illa	0,9%		
Hversu ánægður eða óánægður ertu með samskipti starfsfólks skólans við barnið þitt?	Mjög ánægður	62,4%	Frekar ánægður	36,7%	Frekar óánægður	0,9%	Mjög óánægður	0,0%		
Hversu mikla ábyrgð finnst þér barnið þitt taka á eigin námi?	Mjög mikla	19,1%	Frekar mikla	56,4	Frekar litla	24,5%	Mjög litla	0,0%		
Hversu mikið eða lítið ræðir þú við barnið þitt um námið?	Mjög mikið	24,1%	Frekar mikið	65,7%	Frekar lítið	10,2%	Mjög lítið	0,0%		
Hvað finnst þér um agann í skólanum?	Of mikill	0,9%	Hæfilegur	85,3%	Of lítill	13,8%				
Telur þú að barnið þitt fái að njóta sín í skólanum?	Alltaf	20,0%	Yfirleitt	76,4%	Sjaldan	3,6%	Aldrei	0%		
Hversu vel eða illa getur þú mælt með Árskóla við aðra foreldra?	Mjög vel	55,5%	Frekar vel	44,5%	Frekar illa	0,0%	Mjög illa	0,0%		
Hversu fjölbreyttar eða fábreyttar finnst þér náms- og kennsluáðferðir vera í Árskóla?	Mjög fjölbreyttar	25,5%	Frekar fjölbreyttar	70,9%	Frekar fábreyttar	3,6%	Mjög fábreyttar	0%		
Hversu ánægður eða óánægður ertu með fyrirkomulag námsmats í skólanum?	Mjög ánægður	23,6%	Frekar ánægður	63,6%	Frekar óánægður	10,9%	Mjög óánægður	1,8%		
Finnst þér barn þitt fá einkunnir og umsagnir í samræmi við það sem þér finnst að vænta megi?	Alltaf	28,2%	Oftast	70,0%	Sjaldan	1,8%	Aldrei	0%		
Nýttir barnið sér stoðkerfi skólans (sér- eða stuðningskennslu)?	Já	20,9%	Nei	73,6%	Veit ekki	5,5%				
Ef svarið við síðustu spurningu var já, hversu sáttur eða ósáttur ertu við stoðþjónustuna?	Mjög sáttur	48,0%	Fremur sáttur	40,0%	Fremur ósáttur	12,0%	Mjög ósáttur	0%		
Finnst þér heimanám barns þins vera of mikið, hæfilegt eða of lítið?	Of mikið	0,0%	Hæfilegt	73,6%	Of lítið	26,4%				
Hvernig lýsir þú viðhorfi þínu til núverandi umsjónarkennara barnsins?	Mjög jákvætt	68,8%	Fremur jákvætt	30,3%	Fremur neikvætt	0%	Mjög neikvætt	0,9%		
Hvernig hefur samstarfið við umsjónarkennarana verið?	Mjög gott	78,0%	Fremur gott	22,0%	Fremur slæmt	0%	Mjög slæmt	0%		
Hvernig finnst þér þær upplýsingar sem þú færð um barnið þitt, nám þess, gengi og liðan í skólanum?	Mjög gagnlegar	55,0%	Fremur gagnlegar	43,2	Fremur gagnslitlar	1,8	Mjög gagnslitlar	0%		
Hvað finnst þér um foreldra- og nemendaviðtöl sem skólinn boðar til að hausti og á miðjum vetri?	Mjög gagnleg	47,7%	Fremur gagnleg	48,6%	Fremur gagnslitil	3,7%	Mjög gagnslitil	0%		
Hversu ánægður eða óánægður ertu með skólanámskráa Árskóla?	Mjög ánægður	22,9%	Fremur ánægður	64,2%	Fremur óánægður	0,9%	Mjög óánægður		Hef ekki kynnt mér skólanámskrána	11,9%
Hvernig finnst þér skólabragurinn í Árskóla vera?	Mjög góður	51,8%	Frekar góður	46,4%	Frekar sæmur	1,8%	Mjög slæmur	0%		
Ef þú hefur átt barn í öðrum grunnskóla, hvernig finnst þér Árskóli vera í samanburði við þann skóla?	Mun sáttari við Árskóla	32,1%	Sáttari við Árskóla	35,7	Ámóta sáttur	32,1	Sáttari við hinn	0,0%	Mun sáttari við hinn	0%
Ræðir þú um einelti við barnið þitt?	Mjög oft	22,9%	Frekar oft	56,9%	Frekar sjaldan	18,3%	Mjög sjaldan	1,8%		
Hefur barnið þitt orðið fyrir einelti í skólanum?	Já	13,0%	Nei	87,0%						
Ef svarið var já við síðustu spurningu, Hvernig finnst þér hafa verið tekið á því?	Mjög vel	46,7%	Frekar vel	33,3%	Frekar illa	20,0%	Mjög illa	0%		
Hvaða mat leggur þú á fagmennsku og hæfni starfsfólks Árskóla?	Mjög góð	38,9%	Frekar góð	61,1%	Frekar slök	0%	Mjög slök	0%		
Hvernig finnst þér húsnæði skólans?	Mjög gott	17,4%	Frekar gott	73,4%	Frekar slæmt	9,2%	Mjög slæmt	0,0%		
Hvernig metur þú aðbúnað á skólaðóðinni?	Mjög góður	24,5%	Frekar góður	70,0%	Frekar sæmur	5,5%	Mjög slæmur	0%		
Hversu ánægður eða óánægður ertu með morgunverðinn í skólamótuneytinu?	Mjög ánægður	29,1%	Fremur ánægður	56,4%	Fremur óánægður	9,1%	Mjög óánægður	0,9%	Barnið borðar ekki morgunverð í skólamótuneytinu	4,5%
Hversu ánægður eða óánægður ertu með hádegisverðinn í skólamótuneytinu?	Mjög ánægður	6,4%	Fremur ánægður	42,7%	Fremur óánægður	34,5	Mjög óánægður	13,6	Barnið borðar ekki hádegisverð í skólamótuneytinu	2,7%
Hversu ánægður eða óánægður ertu með stjórnun skólastarfs Árskóla?	Mjög ánægður	42,7%	Frekar ánægður	57,3%	Fremur óánægður	0%	Mjög óánægður	0%		
Hversu ánægður eða óánægður ertu með störf foreldrafélagsins?	Mjög ánægður	29,7%	Fremur ánægður	69,3	Fremur óánægður	1,0%	Mjög óánægður	0%		
Árvist										
Hversu ánægður eða óánægður ertu með starfsemi Árvistar?	Mjög ánægður	77,3%	Fremur ánægður	18,2%	Fremur óánægður	4,5%	Mjög óánægður	0%		
Hvernig finnst þér barninu þínu líða í Árvist?	Mög vel	62,5%	Frekar vel	33,3%	Frekar illa	4,2%	Mjög illa	0%		
Hvað finnst þér um húsnæði Árvistar?	Mjög gott	25,0%	Frekar gott	45,8%	Frekar slæmt	25,0%	Mög slæmt	4,2%		
Hvernig lýsir þú viðhorfi þínu til starfsmanna Árvistar?	Mjög jákvætt	52,0%	Fremur jákvætt	44,0%	Fremur neikvætt	4,0%	Mjög neikvætt	0%		

Viðauki III - Umbótaáætlun innra mats 2025-2026

Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Hvenær lokið	Hvernig metið	Viðmið um árangur
Námsmarkmið verði sýnilegri í námsrýmum.	Veggspjöld með hæfniviðmiðum fyrir lykilhæfni skulu hengd upp í öllum skólastofum að hausti. Markmið einstakra námsgreina og kennslustunda eru sýnileg í hverri kennslustund.	14/10/2026	Kennslurými skoðuð.	Veggspjöld sýnileg í öllum kennslustofum.
Efla þarf umræðu og fræðslu til nemenda um skóla án aðgreiningar.	Deildarstjóri stoðþjónustu og náms- og starfsráðgjafi setja saman fræðslu fyrir nemendur í öllum árgöngum. Umsjónarkennarar sjá um þessa kennslu.	15/01/2027	Skoða hvort þessi fræðsla hafi farið fram.	Nemendur viti hvað skóli án aðgreiningar er.
Tryggja þarf að gögn er varða einstaka nemendur séu geymd á öruggan hátt og samkvæmt reglum sem um slík skjöl gilda.	Umsjónarkennarar fá kennslu um hvernig vista skuli gögn í ONE-kerfinu.	29/01/2027	Athugað hvort allir noti ONE kerfið eins og til er ætlast.	Öll trúnaðargögn skráð í ONE.
Skapa þarf umræðuvettvang og tækifæri fyrir foreldra, nemendur og starfsfólk þar sem það getur haft áhrif og tekur þátt í mótun skólastarfsins.	Skipuleggja þarf fund í samráði við skólaráð þar sem forsjáraðilum gefst tækifæri til að ræða einstaka þætti skólastarfsins.	29/06/2027	Skoðað hvort fundir hafi verið haldnir.	Fundir haldnir.
Skapa þarf vettvang til að ræða við nemendur um námsárangur, eftirfylgni og leiðir til úrbóta. Þjálfar þarf markmiðssetningu	Skipuleggja með náms- og starfsráðgjafa fræðslu fyrir nemendur um mikilvægi þess að	29/06/2027	Með Skólapúlssi og árlegri skimun starfsmanna.	Nemendur setja sér markmið í námi og eru meðvitaðri um eigin ábyrgð.

Sjálfsmatsskýrsla Árskóla 2026

Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Hvenær lokið	Hvernig metið	Viðmið um árangur
meðal nemenda og efla þrautseigju og ábyrgð þeirra.	setja sér markmið í námi. Umsjónarkennarar hvers árgangs vinna áfram með markmiðssetningu.			
Efla þarf sjálfsmat og jafningjamat í nemendahópnum.	Framkvæma sjálfsmat og jafningjamat nokkrum sinnum yfir skólaárið þar sem nemendur meta eigið vinnuframlag og verkefni samnemenda sinna.	29/06/2027	Með árlegri skimun starfsmanna.	Sjálfs- og jafningjamat er hluti af námsmati skólans.
Efla þarf fræðslu um aga og bekkjarstjórnun.	Halda þarf námskeið að hausti um aga- og bekkjarstjórnun	29/06/2027	Með árlegri skimun og Skólapúlssi.	Jákvæð svörun í könnunum.
Endurskoða þarf skráningu forfalla í Mentor.	Foreldrar upplýstir um að einungis skuli skrá veikindi í Mentor.	14/09/2026	Bréf sent til foreldra.	Einungis veikindi skráð af foreldrum í Mentor
Bæta þarf hollustugildi, fjölbreytni og framboð fæðu í mötuneyti skólans.	Skólastjóri ásamt matráði funda með þeim aðilum sem sjá um fæði í mötuneyti til að gera grein fyrir athugasemdum varðandi hollustugildi, fjölbreytni og framboð.	29/09/2026	Niðurstöður kannana skoðaðar.	Jákvæðari svörun í könnunum.
Auka þarf vægi og skipulag útikennslu og skapa þannig hefð um hana.	Gera ákveðna starfsmenn ábyrga fyrir framkvæmd útikennslu á öllum stigum. Efla færni kennara í að skipuleggja slíka kennslu með	29/06/2027	Með árlegri skimun í lok skólaárs.	Útikennsla verði órjúfanlegur þáttur í skólastarfinu.

Sjálfsmatsskýrsla Árskóla 2026

Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Hvenær lokið	Hvernig metið	Viðmið um árangur
	námskeiðum og fræðslu. Mikilvægt er að útikennslu sé fundinn staður í stundaskrá.			
Halda faggreinafundum fyrir hverja námsgrein a.m.k. einu sinni á skólaári.	Áætla þarf tíma á kennarafundum til að funda um einstaka námsgreinar.	29/06/2027	Með árlegri skimun starfsmanna.	Jákvæð niðurstaða í árlegri skimun.

Viðauki IV - Einkunnaskali, Hversu góður er grunnskólinn okkar?

Sex stiga skalinn

Við notum einkunnaskalann til að meta gæðagreinana. Menntayfirvöld, sveitarfélög og opinberar stofnanir nota einkunnaskalann í þeim tilgangi að meta starf mismunandi stofnana. Taka þarf fram að þegar einkunnagjöf er notuð gildir hún fyrir allan gæðagreininn. Hægt er að meta menntun í víðu samhengi. Hafa ber í huga að þegar einkunnaskalinn er notaður til að meta skólastarf þarf matið að snúast um faglega hæfni fremur en tæknilega útfærslu. Almennar leiðbeiningar um einkunnagjöf, sem ætti að nota jöfnum höndum í matinu, má sjá hér á eftir.

6 Framúrskarandi	Einkunnin framúrskarandi merkir að tiltekið svið skólastarfs sé framúrskarandi og leiðandi á landsvísu. Námsreynsla og námsárangur allra nemenda er framúrskarandi. Einkunnin framúrskarandi er gefin fyrir framúrskarandi gæði skólastarfs og er dæmi um bestu framkvæmd/verklag. Einkunnin, byggir á sanngirni, þátttöku og faglegri þekkingu sem er samofin skólasamfélaginu og styður við framfarir á öllum sviðum. Hún felur í sér að hágæða skólastarf er sjálfbært og verður viðhaldið.
5 Mjög gott	Einkunnin mjög gott merkir að styrkleikar einkenna tiltekið svið skólastarfsins. Mjög fá sóknarfæri eru til umbóta og engin atriði sem sýnilega rýra námsreynslu nemenda. Einkunnin mjög gott felur í sér mikil gæði í kennslu og námi nemenda og allir ættu að geta náð því viðmiði. Væntingar eru um að skólinn muni nota sjálfsmatið áfram til skipulagningar á umbótum og vinni að því að bæta nám og kennslu í átt að framúrskarandi skólastarfi.
4 Gott	Einkunnin gott merkir að mikilvægir styrkleikar í skólastarfinu þrátt fyrir að enn séu þættir sem þarfnist umbóta. Styrkleikarnir hafa merkjanleg, jákvæð áhrif á næstum því alla nemendur. Þar sem gæði námsreynslu nemenda eru skert á einhvern hátt er þörf á umbótum. Það bendir til að skólinn ætti að skjóta styrkari stöðum undir styrkleika og grípa til aðgerða á þeim sviðum sem þarfnast umbóta.
3 Fullnægjandi	Einkunnin fullnægjandi merkir að styrkleikar á tilteknu sviði skólastarfsins rétt nái að vega þyngra en veikleikar. Einkunnin gefur til kynna að nemendur njóti grunnþjónustu. Hún greinir frá aðstæðum þar sem styrkleikar hafa jákvæð áhrif á námsreynslu nemenda og einnig að veikleikar séu ekki það miklir að þeir hafi neikvæð áhrif á námsreynslu nemenda þegar á heildina er litið. Einkunnin bendir til að skólinn ætti að grípa til aðgerða vegna veikra þátta með því að byggja meira á styrkleikum sínum.
2 Slakt	Einkunnin slakt merkir að það séu veikleikar í mikilvægum þáttum á tilteknu sviði skólastarfsins. Þrátt fyrir að koma meggi auga á einhverja sterka þætti eru mikilvæg atriði slök og munu, annað hvort á stöku stað eða þegar þau

Sjálfsmatsskýrsla Árskóla 2026

	eru tekin saman, skerða námsreynslu nemenda verulega. Einkunnin bendir á þörfina á skjótum, skipulögðum og virkum aðgerðum af hálfu skólans.
--	--

1 Ófullnægjandi	Einkunnin <i>ófullnægjandi</i> merkir að mikilvæg atriði á tilteknum sviðum skólastarfsins séu slök og þarfnist tafarlausra umbóta. Námsreynsla nemenda er sýnilega í hættu í veigamiklum atriðum. Í nánast öllum tilfellum þarf á stuðningi skólastjórnenda að halda við að skipuleggja og hrinda í framkvæmd nauðsynlegum umbótum. Venjulega felur það í sér samvinnu við starfsfólk í öðrum skólum eða samstarfsstofnunum.
------------------------	--